

## Um Nuölu Ní Dhomhnail

Nuala Ní Dhomhnail fæddist árið 1952 í Lancashire-héraði á Englandi en þegar hún var barn að aldri fluttust foreldrar hennar aftur til heimahaga sinna á Írlandi. Þó svo að báðir væru foreldrarnir írskumælandi og írsku væri töluð á heimilinu lagði móðir Nuölu ríka áherslu á að tala við hana á ensku svo hún kæmist áfram í lífinu.

Nuala lagði stund á ensku og írsku í Háskólanum í Cork og þar stofnaði hún, ásamt nokkrum samnemendum sínum, ljóðakollektívið INNTI árið 1970 og gáfu þau út tímarit með sama nafni. Meðlimir ortu á írsku en í stað hefðbundinna efnistaka um sveitasælu (og volæði) sóttu þau innblástur í borgarmenninguna auk bandarískrar andmenningar sem fór sem eldur í sinu um heimsbyggðina á þeim tíma. Þannig vildu þau koma í veg fyrir að írsku einangraðist sem bókmenntamál. Ekki voru allir hrifnir af þessu uppátæki og mátti hópurinn sæta hatrammri gagnrýni frá ýmsum framvörðum írskrar menningar, sem voru hreint ekki opnir fyrir því að írsku væri notuð til að yrkja um úrkynjaða og enskurotna borgarmenningu.

Fyrsta ljóðabók Nuölu, *An Dealg Draighin* (Þyrniplómuþyrnirinn), kom út árið 1981 og síðan hafa átta ljóðabækur fylgt í kjölfarið. Hún hefur nú fest sig í sessi sem eitt fremsta ljóðskáld Íra og ljóðabrot eftir hana var til að mynda prentað í nýjustu gerð írsku vegabréfsins við hlið ljóðabrota eftir ekki minni skáld en William Butler Yates og James Orr.

Nuala yrkir eingöngu á írsku og segist sjálf ekki geta ort á ensku, þótt tvítyngd sé. Hún segir írsku hafa ákveðna eiginleika sem enskan hreinlega hafi ekki og því geti hún ekki sagt það sem hún vill segja á ensku. Nuala nýtir sér mikið írskar goðsagnir í ljóðum sínum, og

Þá sérstaklega kvenkyns goðsagnapersónur, og spila femínismi og birtingarmynd kvenleikans stórt hlutverk í ljóðum hennar, enda segist hún ekki vilja að bókmenntir á írsku einskorðist við gömul, úrelt og mestmegnis karllæg gildi.

Ljóðið *Ceist na Teangan*, sem hér fer á eftir, sækir þó efni sitt ekki í írskar goðsögur heldur Biblíuna. Ljóðið má finna í tvímála ljóðabókinni *Pharaoh's Daughter* (Dóttir Faraós) sem kom út árið 1990. Þar birtast ljóð Nuölu bæði á írsku og í enskum þýðingum margra af mikilvirtustu ljóðskáldum Íra, þar á meðal nóbelskáldsins Seamus Heaney.

Ljóðið lýsir viðkvæmu ástandi írskunnar, hún sé á barmi þess að deyja út og það eina sem skáldið geti gert sé að treysta henni fyrir vonum sínum og senda út í óvissuna.

## Ceist na Teangan

Cuirim mo dhóchas ar snámh  
i mbáidín teangan  
faoi mar a leagfá naíonán  
i gcliabhán  
a bheadh fite fuaite  
de dhuilleoga feileastraim  
is bitíúmin agus pic  
bheith cuimilte lena thóin  
ansan é a leagadh síos  
i measc na ngiolcach  
is coigeal na mban sí  
le taobh na habhann,  
féachaint n'fheadaraís  
cá dtabharfaidh an sruth é,  
féachaint, dála Mhaoise,  
an bhfóirfidh iníon Fharoinn?

## Spurningin um tungumálið

Ég set vonir mínar á flot  
í bátskel tungumálsins  
líkt og hvítvoðung  
í vöggu  
sem fléttuð er  
úr sverðliljulaufum,  
botninn roðinn  
jarðbiki og hrátjöru,  
kem henni því næst fyrir  
innan um reyrgresið  
og papýrussefið  
við árbakkann,  
fylgist með án þess að vita  
hvert straumurinn muni bera hana,  
fylgist með, eins og fór með Móses,  
mun dóttir Faraós koma til bjargar?

*Gunnbildur Jónatansdóttir þýddi úr írsku*